

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 189/1988, um opinber innkaup og starfsemi Innkaupastofnunar ríkisins.

1. gr.

Við 8. gr. bætist nýr málslíður, sem orðast svo:
Ákvæði 4. málsl. gildir ekki ef slíkt er óheimilt skv. milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 3. mars 1995.

F. h. r.

Magnús Pétursson.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Nr. 142

23. febrúar 1995

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla.

1. gr.

Við 1. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar bætist við eftirfarandi ml.:
Á kartöfluumbúðum skal koma skýrt fram tegundarheiti.

2. gr.

Við 44. gr. reglugerðarinnar bætist við eftirfarandi mgr.:
Þegar kartöflur eru seldar í lausri vigt skal merkja með áberandi hætti hvaða tegund er um að ræða.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum og lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytið, 23. febrúar 1995.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.